

# Ársskýrsla stjórnar CCU samtakanna - Starfsárið 2021

Ekki vorum við laus við Covid þetta árið og starfsemin minni en venjulega, aðalfundur og tveir fræðslufundir, þar af annar einungis á netinu. Stjórnarfundir urðu 9 og stjórnin notaði netið mikið, bæði fyrir fundi og óformlegar umræður. Um áramót voru 627 manns í samtökunum, 563 í lokaða umræðuhópnum, 96 í ungliðahópnum og 1760 manns fylgja okkur á fésbókinni.

18. febrúar 2021. Aðalfundur í sal Vistor og hefðbundin aðalfundastörf voru á dagskrá. Ný stjórn var kosin og skipti með sér verkum eftirfarandi: Edda Svavarsdóttir formaður, Elísabet Sverrisdóttir varaformaður, Hulda Björg Þórðardóttir gjaldkeri, Sóley Veturliðadóttir ritari og María Olsen kom ný inn í stjórnina sem meðstjórnandi. Kristvin Guðmundsson hætti í stjórn og þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið. Varamenn voru kjörnir Hrefna B. Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir og skoðunarmenn reikninga Emil B. Hallgrímsson og Hrönn Petersen. Umsjónarmaður vefsíðu er Svavar Kjarrval og tengiliðir ungliðahóps við stjórn eru Rakel Ýr, Tinna og Guðlaug. Félagsgjöld voru ákveðin óbreytt kr. 2.000. Enginn fyrirlestur var eftir aðalfund og einungis þrír sem mættu á staðinn, enda samkomutakmarkanir í gildi, en nokkrir fylgdust með á netinu.

17. mars 2021. Formannafundur aðildarfélag ÖBÍ á Grand hótél. Edda mætti á fundinn.

9. - 10. apríl 2021. Stefnuþing ÖBÍ fór fram á netinu. Þátttakendum var skipt niður í hópa og viðfangsefnum forgangsraðað í rafrænum kosningum. Þingið var mjög vel skipulagt, vinnan markviss og almenn ánægja. Hulda, Elísabet og Edda sátu þingið.

1. - 19. maí 2021. Vitundarvakningarátak á Fésbókinni frá 1. til 19. maí undir slagorðinu “ Þú sérð það ekki utan á mér “. Þemað var IBD og geðheilsa og sem fyrr sá Webmo um uppsetninguna. Á alþjóðlega IBD daginn, þann 19. maí, var boðið upp á fræðslufund um IBD og erfðir og fyrirlesari var Sigurgeir Ólafsson doktorsnemi.

29. maí 2021. Aðalfundur Efcca var annað árið í röð netfundur. Fundarefni var einungis það allra nauðsynlegasta til að stytta tímamenn sem mest. Edda sat fundinn fyrir hönd CCU.

18. september 2021. Reykjavíkumaraþonið fór að einhverju leiti fram þennan dag eftir frestun vegna covid. Nokkrir höfðu skráð sig til áheita fyrir CCU og í desember voru greiddar 28.000 krónur frá þátttakendum. Kærar þakkir fyrir stuðninginn !

21. september 2021. Formannafundur aðildarfélag ÖBÍ á Grand Hótél. Edda mætti á fundinn.

15. - 16. október 2021. Aðalfundur ÖBÍ á Hilton hótél Reykjavík. Edda, Elísabet og Hulda mættu á staðinn eins og flestir en nokkrir völdu að mæta á netinu. Kosning var rafræn og gekk vel, fundurinn var vel skipulagður og stóðst tímamörk að mestu.

5. - 6. nóvember 2021. CCU hélt Norðurlandafund á Víkingahótelinu í Hafnarfirði. Fulltrúar frá Noregi og Finnlandi mættu á staðinn og einnig var fylgst með á netinu. Danmörk hafði boðað forföll og Svíþjóð hætti við á síðustu stundu. Fundað var í einn dag, kynningar á starfssemi hvers félags, rædd sameiginleg málefni og Sigurgeir Ólafsson var með fyrirlestur. Farið var með gesti í Perluna og út að borða. Hulda og Sóley ætluðu að sjá um fundinn en á síðustu stundu lentu báðar í sóttkví, Sóley komst ekki suður en Hulda fékk neikvæða niðurstöðu og gat mætt seinnipart fundarins. Elísabet kom inn í staðin fyrir Sóleyju og Hrefna stókk inn sem varamaður á síðustu stundu og sá um fyrri hluta fundarins ásamt Elísabetu þannig að allt gekk upp og fundurinn vel heppnaður.

3. nóvember 2021. Fræðslufundur í sal Vistor. Kjartan Hrafn Loftsson frá Sidekick Healt var með fyrirlestur um áhrif lífstíls og /eða mataræðis á langvinna sjúkdóma. Góð mæting var á áhugaverðan fyrirlestur.

10. nóvember 2021. Edda mætti á netfund með Sidekick Helth til að fræðast um appið og hvernig það virkar.

12. nóvember 2021. Starfsdegi IBD hjúkrunarfræðina var frestað vegna Covid. Edda var á dagskránni með kynningu á samtökunum og áætlað er að fundurinn verði haldinn sem fyrst á næsta ári.

Edda lauk sínu seinna ári sem varamaður í laganefnd á aðalfundi ÖBÍ og gaf ekki kost á sér áfram.

Sóley, Edda og Anna Lind sátu nokkra kynningarfundir á árinu fyrir norræna rannsókn á IBD sem hefst í janúar 2021 og stendur yfir í eitt ár. Spennandi verður að fylgjast með og sjá niðurstöður þegar þar að kemur.

Engin starfsemi var hjá ungliðahópnum þetta árið og óska þær stöllum eftir nýjum aðilum til að halda utan um hópinn.

Stjórn CCU.